

AUGLÝSING

55

16. apríl

um breyting á ljósmæðrareglugerð nr. 103 23. okt. 1933,
varðandi gjaldskrá ljósmæðra.

Dóknun sú, sem ljósmæðrum ber minnst fyrir störf sín samkvæmt ákvæðum ljósmæðrareglugerðar nr. 103 23. okt. 1933, skal fyrir yfirsetustarf samkvæmt 24. gr. vera 70 krónur fyrir að sitja yfir og 25 krónur fyrir hvern dag, sem ljósmóðir dvelur hjá sængurkonu, nema þann dag, er hún tekur á móti barni, en 10 krónur fyrir hverja vitjun í kaupstað eða þéttbýli þar sem ljósmóðir býr; fyrir aukaverk samkvæmt 25. gr. 20 krónur.

Þessi breyting tekur þegar gildi.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 16. apríl 1955.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

GJALDSKRÁ

56

19. apríl

fyrir Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.50 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 90 aura hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 10.50 á hvern fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.00 á ári af hverjum fermetra.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 60 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 8.00 á mánuði af einu herbergi hvorrar íbúðar og kr. 5.00 af hverju herbergi umfram eitt. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi sem er minna en 5 ferm. skal telja sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélnotkun o. fl.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.30 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 250.00 á hvert uppsett kw. vélanna.

Eftir þessum gjaldskrárlið skal selja raforku um kwst.mæli til götu- og hafnarlýsingar. Einnig má eftir þessum gjaldskrárlið selja raforku til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur.